

Fundur hjá Rótarýklúbb Kópavogs, þriðjudaginn 4. febrúar 2020.

Fundurinn var 16. fundur á starfsárinu og fundur nr. 2919 frá upphafi. Fundurinn var haldinn á Café Catalínu, kl. 17:30 og var í umsjá stjórnar og forseta klúbbsins Jóns Sigurðssonar. 19 félagar voru mættir sem gerir 70% mætingarhlutfall. Enginn gestur var á fundinum.

3ja mínútna erindi féll niður því ræðumaðurinn forfallaðist.

Frá síðasta fundi 17. desember hafa eftirtaldir félagar átt afmæli. Eiríkur Líndal, Guðmundur Ólafsson, Helgi Sigurðsson, Inga Hersteinsdóttir, Sigfinnur Þorleifsson og Þórir Ólafsson.

Forseti setti fundinn og flutti ljóð eftir Kára Tunilius úr bókinni „Jökulhvörf“ sem kom út árið 2018.

Ritari las fundargerð frá síðasta fundi sem var samþykkt einróma.

Á dagskrá var klúbbstarfið. Frummælandinn Eiríkur Líndal gaf efnismikið yfirlit í byrjun og kveikti umræðurnar.

Margt kom fram, m.a. þetta:

- * Mestu máli skiptir að rækta vel innra starf og samskipti í klúbbum - meðal annars með því að vanda vel og undirbúa val á gestum/fyrirlesurum. Tryggja að fundir séu skemmtilegir og efni áhugavert, snerti við mönnum og kveiki svolítið í þeim.
- * Fram kom sú hugmynd að í 3ja mín. erindi tali menn um sjálfan sig, störf sín, verkefni og eigin áhugamál - því að þannig kynnast menn betur innan klúbbsins og það er æskilegt og áhugavert.
- * Fram kom hugmynd um samfélagsverkefni: „týnd börn“ sem ekki geta af fjölskylduástandum eða efnahag tekið fullan þátt í samfélaginu - svo og börn flóttamanna - finna leiðir til að tengjast, aðstoða og styrkja - ekki aðeins með fé heldur og ef til vill ekki síður með kynnisferðum með þeim, til þess að hjálpa þeim betur inn í samfélagið. Hugmyndin var kynnt en þarf auðvitað frekari úrvinnslu.
- * Nefnt var að þau hlé sem eru á fundarstörfum megi nota til slíkra samfélagsverkefna - og líka til sameiginlegra ferðalaga, vinnustaðaheimsóknar, skemmtana, safnaheimsóknar o.s.frv.
- * Bent var á sænskt fordæmi um sameiginlega fundi stjórnar og nefndaformanna til þess að efla starfsemi og samhug.
- * Menn lýstu vanda og vonbrigðum með öflun nýliða. Fram kom jafnframt að við eigum að hlúa að því sem við þegar höfum í klúbbum. Nefnt var að æskilegt sé að fá svo sem 1-2 nýja féлага á starfsári, jafnvel fólk um sextugt eða svo, og auðvitað nokkrar konur til þess að efla, breikka og styrkja klúbbstarfið.

Auk frummælanda og forseta tóku 9 félagar til máls. Þeir voru: Friðbert Pálsson, Ólafur Wernersson, Páll Árni Jónsson, Ásgeir Jóhannesson, Jón Emilsson, Helgi Sigurðsson, Werner Rasmusson og Inga Hersteinsdóttir.

Farið var með fjórprófið og forseti sleit fundi kl. 19:00.